

# Ráðningarsamningur

*Kaup og kjör bæjarstjóra: Rósa Guðbjartsdóttir*

1. Ráðningarsamningur þessi gildir frá 20. júní 2018 og til loka kjörtímabilsins.
2. Föst laun fyrir dagvinnu skulu vera kr. 1.130.332. Dagvinnulaun á samningstímanum skulu taka breytingum í samræmi við almenna launaþróun starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar sem ekki taka laun skv. kjarasamningi.
3. Föst yfirvinna er 50 tímar á mánuði.
4. Greiðsla fyrir afnot af eigin bifreið miðast við fasta kílómetratölu á mánuði, nú 500 km.
5. Greitt er fyrir kostnað af síma, nettengingu og iðgjöldum af veikinda- og líftryggingu.
6. Greiðslur fyrir setu á bæjarstjórnarfundum, fundum í ráðum, stjórnnum og nefndum hjá Hafnarfjarðarkaupstað eru innifaldar í heildarlaunum skv. liðum 2 og 3 hér að ofan.
7. Biðlaun skv. lið 2 og 3. Bæjarstjóri á rétt á biðlaunum í sex mánuði eftir að hann lætur af starfi. Þiggi fyrrverandi bæjarstjóri laun vegna annarra starfa á því tímabili sem hann á rétt á biðlaunum vegna fyrri starfa sinna sem bæjarstjóri skerðast biðlaunin sem þeim launum nemur.
8. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á gildistíma samningsins er 6 mánuðir.
9. Önnur kjaraatriði s.s. varðandi veikindarétt, slysatryggingu, orlof, lífeyrisiðgjöld o.fl. skulu vera með sama hætti og gilda um fastráðna starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar sem taka laun skv. kjarasamningi STH.

Samþykkt á fundi í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar þann